

# SVÆÐISSKIPULAG EYJAFJARÐAR

## 2012 - 2024

UMHVERFISSKÝRSLA – 3. JÚNÍ 2013



Svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar

**TEIKNISTOFA  
ARKITEKTA**  
GYLFÍ GUÐJÓNSSON  
OG FÉLAGAR ehf.  
arkitektar fáí

# **Efnisyfirlit**

<b>1</b>	<b>Yfirlit .....</b>	<b>5</b>
1.1	Skipulagssvæði .....	5
1.2	Efnispættir .....	5
1.3	Aðferð.....	6
<b>2</b>	<b>Byggð .....</b>	<b>7</b>
2.1	Byggðapróun og byggðamynstur .....	7
2.1.1	Skipulagskostir.....	7
2.1.2	Samanburður, áhrifamat .....	7
<b>3</b>	<b>Landnotkun .....</b>	<b>9</b>
3.1	Landbúnaður .....	9
3.1.1	Skipulagskostir.....	9
3.1.2	Samanburður, áhrifamat .....	9
3.2	Iðnaðarsvæði.....	10
3.2.1	Skipulagskostir.....	10
3.2.2	Samanburður, áhrifamat .....	10
3.3	Efnistökusvæði.....	11
3.3.1	Skipulagskostir.....	11
3.3.2	Samanburður, áhrifamat .....	11
<b>4</b>	<b>Samgöngu- og þjónustukerfi.....</b>	<b>14</b>
4.1	Vegakerfi .....	14
4.1.1	Skipulagskostir - jarðgöng .....	14
4.1.2	Samanburður, áhrifamat .....	15
4.2	Hafnir .....	17
4.2.1	Skipulagskostir.....	17
4.2.2	Samanburður, áhrifamat .....	18
4.3	Flugmál.....	19
4.3.1	Skipulagskostir.....	19
4.3.2	Samanburður, áhrifamat .....	19
4.4	Flutningsleiðir raforku.....	19
4.4.1	Skipulagskostir.....	19
4.4.2	Samanburður, áhrifamat .....	19
4.5	Meðhöndlun úrgangs .....	20
4.5.1	Skipulagskostir - áhrifamat.....	20
<b>5</b>	<b>Takmörkun á landnotkun .....</b>	<b>21</b>
5.1	Vatnsverndarsvæði .....	21
5.1.1	Skipulagskostir.....	21
5.1.2	Samanburður, áhrifamat .....	21
5.2	Strandsvæði Eyjafjarðar, flokkun vatns.....	21
5.2.1	Skipulagskostir.....	21
5.2.2	Samanburður, áhrifamat .....	21
<b>6</b>	<b>Vöktun og mótvægisadgerðir .....</b>	<b>22</b>
<b>7</b>	<b>Samantekt.....</b>	<b>23</b>



# 1 YFIRLIT

---

Umhverfisskýrsla þessi er fylgiskjal með tillögu að Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024. Hér er gerð grein fyrir því á hvern hátt tekið var mið af umhverfissjónarmiðum við þá stefnumótun, sem er meginviðfangsefni svæðisskipulagsins. Í svæðisskipulaginu er mörkuð stefna um framkvæmdir, sem tilgreindar eru í viðauka við lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og fellur áætlunin því undir ákvæði laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana (sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga).

Umhverfismat svæðisskipulagsins felst í samanburði ólíkra stefnu- og skipulagskosta út frá þeim matsþáttum, sem við eiga hverju sinni. Í áhrifamatinu er þannig gerð grein fyrir vinnuðferð svæðisskipulagsnefndarinnar og birt rök fyrir niðurstöðu hennar. Í einhverjum tilfellum er um að ræða stefnumótun, sem byggð er á öðrum áætlunum eða augljósum almannahagsmunum þar sem ekki er talin þörf á að setja fram slíkan samanburð.

## 1.1 SKIPULAGSSVÆÐI

Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024 nær til allra sveitarfélaganna við Eyjafjörð. Suðurmörk skipulagssvæðisins eru við mörk svæðisskipulags miðhálendisins en hluti Eyjafjarðarsveitar er innan marka þess. Heildarflatarmál skipulagssvæðisins er um 3.450 km<sup>2</sup>. Eftirtalin sveitarfélög eru aðilar að svæðisskipulaginu:

- Fjallabyggð
- Dalvíkurbyggð
- Hörgársveit
- Akureyrarkaupstaður
- Eyjafjarðarsveit
- Svalbarðsstrandarhreppur
- Grýtubakkahreppur.

## 1.2 EFNISPÆTTIR

Í tillögu að svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024 (SSEY-12) er fjallað um eftirtalda efnispætti:

- Byggð.
  - Byggðapróun og byggðamynstur.
- Landnotkun.
  - Stefna um nýtingu landbúnaðarlands.
  - Iðnaðarsvæði.
  - Efnistökusvæði.
- Samgöngur og þjónustukerfi.
  - Vegakerfi.
  - Hafnir.
  - Flugmál.
  - Flutningsleiðir raforku.
  - Meðhöndlun úrgangs.
- Takmörkun á landnotkun.
  - Vatnsverndarsvæði.
  - Strandsvæði Eyjafjarðar, flokkun vatns.


Umhverfisskýrslan er hluti skipulagstillögunnar. Önnur skipulagsgögn eru:

- Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024. Greinargerð (drög september.2012)
- Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024. Helstu forsendur, júlí 2012.

### 1.3 AÐFERÐ

Í umhverfisskýrslu þessari er gerð grein fyrir þeim skipulagskostum sem fjallað var um við gerð skipulagsins svo og mati á líklegum áhrifum þeirra á umhverfi og samfélag í samræmi við lög um umhverfismat áætlana.

Skipulagskostir eru bornir saman út frá líklegum áhrifum á umhverfi og samfélag. Umhverfisþættir og viðmið eru einfaldaðir nokkuð frá því sem lagt var til í matslysingu í janúar 2010 og eru tilteknir eftir eðli hvers máls. Ekki er lagt í sérstakar rannsóknir eða úttektir vegna mats á skipulagskostum. Samvinnunefndin myndaði matsteymi ásamt skipulagsráðgjafa. Leitað var sérfræðinga og stofnana eftir þörfum við yfirferð og mat ólíkra kosta.



Mynd 1.1. Umhverfisþættir í SSEY-12

Þar sem það á við eru skipulagskostir bornir saman í venslatöflum með einfaldri einkunnagjöf, sem byggist á litum sbr. mynd 1.2 og stuttum útskýringum eða lykilorðum.



Mynd 1.2. Lykill að matstöflum, einkunnir sýndar með litum.

Við samanburð og mat skipulags- og eða stefnukosta tekið mið af ákvæðum laga og reglugerða, stefnu annarra áætlana og áhrifa á umhverfi og samfélag eftir því hvað á við hverju sinni.

## 2 BYGGÐ

---

### 2.1 BYGGÐAÐRÓUN OG BYGGÐAMYNSTUR

#### 2.1.1 SKIPULAGSKOSTIR

Skipulagskostir um byggð og byggðamynstur felast í útfærslu sameiginlegrar stefnu, sem síðan verður unnið úr í aðalskipulagi hvers sveitarfélags um sig. Stefnumukostir sem bornir eru til saman eru eftirfarandi (þ.e. hvort hafa eigi stefnu og þá um hvað):

- Engin stefna um byggðaþróun.
- Sameiginleg stefna um byggðaþróun - ólíkir kostir:
  - Áhersla á uppbyggingu á núverandi þéttbýlisstöðum og hagkvæmni þjónustukerfa.
  - Áhersla á byggð í dreifbýli.
- Öll íbúðarbyggð utan þéttbýlis verði afmörkuð í svæðisskipulagi.

#### Hvað felst í hagvæmu byggðamystri?

- Grunnþjónusta í göngufjarlægð.
- Hagkvæmt og notadrjúgt samgöngunet.
- Góðar almenningssamgöngur.
- Samfellt net göngu- og hjólaleiða.
- Lifandi og virkur miðbær.
- Vandað og fullfrágengið búsetuumhverfi.
- Gott aðgengi að útvistarsvæðum.
- Góðar forsendur fyrir atvinnulífið (land, þjónustukerfi).
- Góð tengsl búsetu og atvinnu.

#### 2.1.2 SAMANBURÐUR, ÁHRIFAMAT

Þeir umhverfisþættir, sem skipulagskostir eru bornir við, eru einfaldaðir í fjóra liði, náttúrufarsþætti, samfélagsþætti, samræmi við stefnu sveitarfélaga og samræmi við stefnu annarra stjórvalda. Samanburður kosta er sýndur á mynd 2.1.

Með hliðsjón af hagkvæmnissjónarmiðum og félagslegum þáttum er lögð áhersla á vöxt byggðar innan núverandi þéttbýlisstaða og í tengslum við þá. Sömu ástæður liggja að baki þess að ekki er lögð áhersla á uppbyggingu íbúðarbyggðar í dreifbýli þótt sá kostur geti átt við í vissum tilvikum og svarað ákveðinni þörf, sem ekki verður mætti í þéttbýli.

Ein ástæða þess að SSEY-98 var fellt úr gildi var hversu þunglamalegar ákvarðanir um breytingar á íbúðarbyggð utan þéttbýlis voru þar sem byggingarsvæði voru afmörkuð á svæðisskipulagsuppdrætti. Afmörkun íbúðarbyggðar kemur því ekki til greina í nýju svæðisskipulagi.

## Byggðaþróun

	a	b	c	d
Umhv.þættir / Kostir	<b>Engin stefna um byggðaþróun</b>	<b>a) Áhersla á núverandi þéttbýli</b>	<b>b) Áhersla á íbúðarbyggð í dreifbýli</b>	<b>Öll íbúðarbyggð utan þéttbýlis afmörkuð í svæðisskipulagi</b>
Náttúrufar, landslag, náttúruvernd		 Hagkvæm landnýting i samhengi við núv. byggð  Getur gengið á gott landbúnaðarland	 Háð útfærslu. Gæti gengið á landbúnaðarland eða verðmæta náttúru.	
Samfélag; atvinnulíf, þjónustukerfi	 Óviss áhrif	 Þjónustukerfi  Landnýting  Tengsl heimilis og vinnu  Eftirsóknarvert búsetuumhverfi	 Þjónustukerfi  Landnýting  Tengsl heimilis og vinnu  Eftirsóknarvert búsetuumhverfi	 Forræði tekið af sveitarfélögum  Þyngir og lengir skipulagsferilinn
Samræmi við stefnu sveitarfélaga		 Nokkur svfél. eru með hliðstæð ákvæði um byggð	 Ákvæði um slika byggð í aðalskipulagi tveggja svfél.	 Afmarkað í aðalskipulagi
Samræmi við stefnu ríkis og markmið laga	 Ekki fyrir hendi	 Engin stefna önnur en alm. ákvæði skipulagslaga	 Getur stangast á við markmið jarðalaga	
Landsáætlanir				
Niðurstaða				

Mynd 2.1

### 3 LANDNOTKUN

#### 3.1 LANDBÚNAÐUR

##### 3.1.1 SKIPULAGSKOSTIR

Skipulagskostir felast í því hvort ákvæði um nýtingu landbúnaðarlands eigi að vera í svæðisskipulaginu og þá hver þau eigi að vera. Annars végur getur stefnan stutt meginmarkmið jarðalaga um varðveislu lands sem vel er fallið til búvöruframleiðslu til þeirra nota eða fjallað um möguleika á nýtingu landbúnaðarlands til annarra nota. Landbúnaðarland verður ekki afmarkað á skipualgsupprætti svæðisskipulagsins.

Meginstefnukostir eru:

- Engin stefna um nýtingu landbúnaðarlands. núll-kostur.
- Stefna um varðveislu góðs landbúnaðarlands.

##### 3.1.2 SAMANBURÐUR, ÁHRIFAMAT

Stefna um varðveislu góðs landbúnaðarlands styður markmið sem sett hafa verið á efri stjórnsýslustigum og tekur mið af hagsmunum einnar af meginatvinnugreinum héraðsins.

Nýting landbúnaðarlands		
	1	2
Umhv.þættir / Kostir	<b>Engin stefna um nýtingu landbúnaðarlands</b>	<b>Stefna um varðveislu góðs landbúnaðarlands</b>
Landslag og ásýnd Búsetulandslag	Háð landnotkun	Styrkir búsetulandslag Eyjafjarðar
Náttúrufar Náttúruvernd		
Samfélag - atvinnulíf	Sóknarfæri í öðrum atvinnugreinum Getur skert möguleika á framleiðslu búvara	Styrkir stöðu landbúnaðar Takmörkun á annarri starfsemi
Byggð og efnahagur	Háð atvinnuþróun	?
Heilsa og öryggi	Háð starfsemi	Matvælaöryggi landsins
Samræmi við aðrar áætlunar		Velferð til framtíðar
Lög og reglugerðir	Ekki í samræmi við markmið jarðalaga	Styður meginmarkmið jarðalaga
Niðurstaða		

Mynd 3.1.

## **3.2 IÐNAÐARSVÆÐI**

### **3.2.1 SKIPULAGSKOSTIR**

Í svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2010, sem fellt hefur verið úr gildi, voru þrjú stór iðnaðarsvæði tilgreind utan þéttbýlis. Á Árskógsandi, sunnan Grenivíkur og á Dysnesi þar sem áformuð var lóð undir stóriðju. Iðnaðarsvæðið sunnan Grenivíkur er skilgreint í aðalskipulagi og verður ekki hluti svæðisskipulagsins.

#### **IÐNAÐARSVÆÐI Á DYSNESI**

Iðnaðarsvæði og hafnarsvæði á Dysnesi er í samræmi við aðalskipulag Arnarneshrepps 1997-2017 (nú Hörgársveitar).

#### **IÐNAÐARSVÆÐI VIÐ ÁRSKÓGSAND**

107 ha iðnaðarsvæði er í samræmi við aðalskipulag Dalvíkurbyggðar 2008-2020.

#### **ENGIN IÐNAÐARSVÆÐI UTAN ÞÉTTBÝLIS, NÚLL-KOSTUR**

Óbreytt staða miðað við núverandi landnotkun eða nýtingu svæðanna sem ræktarlands. Skilgreiningu breytt í aðalskipulagi sveitarfélaganna. Hugmyndir eru uppi um nýtingu iðnaðarsvæðisins á Áskógsandi til landbúnaðarframleidiðslu (t.d. kornræktar) þangað til þörf verður fyrir það undir iðnaðarstarfsemi og er þess getið í aðalskipulagi.

### **3.2.2 SAMANBURÐUR, ÁHRIFAMAT**

Gróf samantekt áhrifa er á mynd 3.2. Dysnes nýtur ekki náttúruverndar en skammt sunnan þess eru Hörgárósar, sem eru á náttúruminjaskrá. Á svæðinu eru skráðir minjastaðir, sem kanna þarf áður en framkvæmdir hefjast.

Atvinnuuppgögging á svæðinu styður markmið stjórnvalda, bæði ríkisstjórnar og sveitarstjórnar, um eflingu atvinnulífs landsins og héraðsins.

#### **IÐNAÐARSVÆÐI Á DYSNESI**

EKKI eru forsendur til þess að meta bein áhrif af iðnaðarstarfsemi þar sem engin bein áform eða áætlanir liggja fyrir um iðnaðaruppgöggingu á svæðinu. Hugsanlegt er að inn á svæðið komi starfsemi sem háð er mati á umhverfisáhrifum og verða áhrif hennar þá metin í tengslum við áætlanagerð, deiliskipulag og leyfisveitingar.

Helstu áhrif felast í sýnileika svæðisins frá hafi, þjóðvegi og byggð handan fjarðarins. Áhrif vegna hávaða, umferðar, lyktar og annarra þátta verða ekki metin fyrr en ljóst verður hvers kyns starfsemi verður á svæðinu.

Ef þörf verður fyrir öflugar flutningslínur raforku að svæðinu verða þær sýnilegar frá línumstæði á Moldhaugahálsi að Dysnesi. Um flutningslínur raforku er fjallað í kalfa 4.4.

#### **IÐNAÐARSVÆÐI VIÐ ÁRSKÓGSAND**

EKKI eru forsendur til þess að meta bein áhrif af iðnaðarstarfsemi þar sem engin bein áform eða áætlanir liggja fyrir um iðnaðaruppgöggingu á svæðinu. Hugsanlegt er að inn á svæðið komi starfsemi sem háð er mati á umhverfisáhrifum og verða áhrif hennar þá metin í tengslum við áætlanagerð, deiliskipulag og leyfisveitingar.

#### **ENGIN IÐNAÐARSVÆÐI UTAN ÞÉTTBÝLIS, NÚLL-KOSTUR**

Óbreytt staða og nýting landsins til landbúnaðar hefur ekki í för með sér neinar breytingar á umhverfi. Uppræktun óræktartúna hefur jákvæð áhrif á yfirbragð landsins og er í samræmi við meginmarkmið jarðalaga. Iðnaðarsvæðið á Árskógsströnd er á ósnertum lyngmóa.

#### **NIÐURSTAÐA**

Gert verður ráð fyrir tveim iðnaðarsvæðum í svæðisskipulagin, á Dysnesi í tengslum við hafnarsvæði og á Árskógsandi.

Iðnaðarsvæði				
	a	b	c	
Umhv.þættir/kostir	Iðnaðarsvæði á Dysnesi	Iðnaðarsvæði við Árskógrssand	Engin iðnaðarsvæði utan þétbýlis núll-kostur	
Náttúrufar	Staðbundin áhrif Mengunarhætta	Staðbundin áhrif Mengunarhætta	Óbreytt	
Náttúruvernd	Ekki verndarsvæði	Ekki verndarsvæði	Óbreytt	
Landslag og ásýnd	Staðbundin áhrif Sýnileiki	Staðbundin áhrif Sýnileiki	Óbreytt	
Samfélag, atvinnulíf	Ný atvinnutækifæri Áhrif á aðrar atvinnugreinar	Ný atvinnutækifæri Áhrif á aðrar atvinnugreinar	Í samræmi við atvinnulíf sveitarinnar Engin atvinnu-uppbrygging	
Efnisleg gæði og eignir. Byggð.	Aukin umsvíf. Samlegðaráhrif Óræktað land en ræktanlegt	Aukin umsvíf. Samlegðaráhrif Óræktað land en ræktanlegt	Möguleg nýting landbúnaðarlands	
Heilsa og öryggi	Mengunarhætta	Mengunarhætta	Óbreytt	
Landsáætlanir	Ekki á samgöngu-áætlun	Óháð lands-ætlunum		
Lög og reglugerðir				
Niðurstaða	Sameiginlegir hagsmunir svfél. á Eyjafjarðarsvæðinu	Sameiginlegir hagsmunir svfél. á Eyjafjarðarsvæðinu	Í SSEY er gert ráð fyrir uppbryggingu atvinnulífs í Eyjafirði	

Mynd 3.2

### 3.3 EFNISTÖKUSVÆÐI

#### 3.3.1 SKIPULAGSKOSTIR

Lagt var almennt mat á þá efnistökumöguleika, sem fyrir hendi eru á svæðinu. Fyrir utan þær námur sem þegar hafa verið samþykktar og settar inn á aðalskipulag hefur verið litið til framtíðarmöguleika á efnisnámi í Eyjafirði (Halldór G. Pétursson 2011)<sup>1</sup>.

Svæðisskipulagið tekur til efnisnáma, sem eru háðar mati á umhverfisáhrifum, þ.e. yfir 50.000 m<sup>2</sup> eða 150.000 m<sup>3</sup>. Nánari afmörkun þeirra verður í aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga. Ákvæði um vinnslu og frágang verða í aðalskipulagi og framkvæmdaleyfum.

Framtíðarefnistökusvæði verða ekki skilgreind á þessu stigi umfram þau sem þegar eru skilgreind í aðalskipulagi.

#### 3.3.2 SAMANBURÐUR, ÁHRIFAMAT

Hér á eftir er einfaldað yfirlit yfir þá kosti, raunhæfa og óraunhæfa, sem fjallað var um í skýrslu HGP. Yfirlitið er birt með það að markmiði að fá heildarmynd af framtíðarmöguleikum á efnistöku á svæðinu. Að öðru leyti vísast til skýrslu HGP. ATH: Ekki er um að ræða lista yfir núverandi eða áformuð efnistökusvæði.

<sup>1</sup> Halldór G. Pétursson (HGP). *Efnisnám og efnistökumöguleikar á Eyjafjarðarsvæðinu*. Unnið fyrir Samvinnunefnd um Svæðisskipulag Eyjafjarðar. Náttúrufræðistofnun Íslands, Akureyri apríl 2011, Ní-11002.

Í svæðisskipulaginu er sett fram almenn stefna um efnistökusvæði og sjónarmið, sem sveitarfélögin skulu gæta við skipulag efnistöku í aðal- og deiliskipulagi. Staðsetning og afmörkun efnistökusvæða, sem falla að stefnu svæðisskipulagsins, verður skilgreind í aðalskipulagi.

Áhrifamat efnistökumöguleika skv. myndum 3.3 – 3.7 verður haft til hliðsjónar við framtíðarskipulag málaflokksins.

Fjallabyggð										
	a	b	c	d	e	f	g	h	i	
Staður	Gerð - efní	Náttúruvernd-verndarsvæði	Sérstakar jarð-myndanir og vistkerfi. Landslag	Endurnýjanleiki	Vatnsvernd	Fornminjar	Núv. landnotkun	Samgöngur, aðgengi	Eignarhald / Annað	
Fb-1 Staðarhóll	Sjávarbotn-eyri	★	★	★	★	★ ATH Verksmiðjuleifar	★	★	★ Rannsóknir nauðsynlegar	
Fb-2 Mynni Siglufjarðar	Sjávarbotn jökulbrún	★	★	★	★	★	★	★	★ Óvissa engar rannsóknir	
Fb-3 Mynni Ólafsfirðar	Sjávarbotn jökulbrún	★	★	★	★	★	★	★	★ Óvissa, engar rannsóknir	

Mynd 3.3 Yfirlit yfir efnistökumöguleika í Fjallabyggð. Ath: Ekki námulisti.

Dalvíkurbyggð										
	a	b	c	d	e	f	g	h	i	
Staður	Gerð - efní	Náttúruvernd-verndarsvæði	Sérstakar jarð-myndanir og vistkerfi. Landslag	Endurnýjanleiki	Vatnsvernd	Fornminjar	Núv. landnotkun	Samgöngur, aðgengi	Eignarhald / Annað	
Db-1 Hrísaþófi	Malarhalli ösholmar. Möl	★ Friðland Svarfdæla	★	★ Enginn	★	★	★	★	★	
Db-2 Hálsá	Ár-/aurkeila. Gróf möl	★	★	★ Hæg	★	★ Við minja-verndarsvæði	★	★	★	
Db-3 Hálshófði	Gjótánm. Berg	★ Hverfisvernd	★ Jökulminjar	★ Enginn	★	★ Á minjavverndarsvæði	★	★	★	
Db-4 Skakkibakki-Bakki	Áreyri. Sandur-möl	★	★ Lífríki árinnar Landslag	★ Mjög hæg	★ Vatnsból	★ I grendd	★ Tún	★	★	
Db-5 Tungufell-Urðir	Áreyri. Möl	★	★ Lífríki árinnar Landslag-áberandi	★ Mjög hæg	★ Fjarsvæði vatnsverdar	★	★ Tún	★ Erið aðkoma	★	
Db-6 Sandá-Kot	Áreyri. Möl	★	★ Lífríki árinnar. Landslag	★ Hæg	★ Fjarsvæði vatnsverdar	★	★ Tún	★ Auðveld aðkoma. Langt frá stórnendum	★	
Db-7 Skíðadalur	Áreyri. Möl-steinar	★	★ Lífríki árinnar Landslag	★ Tiltólulega ór	★ Fjarsvæði vatnsverdar	★	★	★ Auðveld aðkoma. Langt frá stórnendum	★	
Db-8 Litla-Árskógsmóar	Jökulársandur. Möl/sandur	★	★ Áberandi svæði	★ Enginn	★	★ Sveitarlangur	★ Skógrækt?	★	★	
Db-9 Helluhófði	Gjótánm. Berg	★	★	★ Enginn	★	★	★	★	★	
Db-10 Hauganes	Gjótánm. Berg	★	★	★ Enginn	★	★	★	★	★	
Db-11 Voghóll/Múlinn	Sjávarbotn-jökulbrún? Möl?	★	★	★	★	★	★	★	★ Óvissa - engar rannsóknir	
Db-12 Árskögssandur	Sjávarbotn-eyri? Sandur/möl?	★	★	★	★	★	★	★	★ Óvissa - engar rannsóknir.	

Mynd 3.4 Yfirlit yfir efnistökumöguleika í Dalvíkurbyggð. Ath: Ekki námulisti.

-  Jákvæð áhrif
-  Neikvæð áhrif
-  Engin áhrif - á ekki við
-  Óviss áhrif
-  Háð útfærslu

Hörgársveit										
	a	b	c	d	e	f	g	h	i	
Staður	Gerð - Efni	Náttúruvernd-verndarsvæði	Sérstakar jarð-myndanir og vistkerfi. Landslag	Endurnýjanleiki	Vatnsvernd	Fornminjar	Núv. landnotkun	Samgöngur, aðgengi	Eignarhald / Annað	
Hs-1 Hörgárunn	Sjávarbotn, óshólmur. Sandur/möl	Hörgárosar á Náttúru-myndinaskrá	★	★	★	Ath. áhrif landbrots á Gásakauptað	★	★	Rannsóknir nauðsynlegar. Umhverfismat	
Hs-2 Nunnuhólmí	Sjávarbotn-eyri. Sandur/möl	★	★	★	★	★	★	★	Rannsóknir nauðsynlegar	
Hs-3 Lónsmelar	Malarhálli/ óshólmur. Möl	Í grennd verndarsvæða	Jökulminjar	★	★	Í grennd við Gása	★	★	★	
Hs-4 Djúpárbakki-Björð-Möðruvellir	Malarhálli/ óshólmur. Möl	★	Áberandi	★	★	ATH.	Byggð, tún	★	★	
Hs-5 Laugaland	Áreyri. Möl	★	Áberandi. Lífríki árinnar. Bakkarof	★	★	?	?	★	★	
Hs-6 Skógar-Melar	Áreyri. Möl	★	Lífríki árinnar. Rof	★	Grannsvæði vatnsbóls	?	?	★	★	
Hs-7 Hörgárdalur framhluti	Áreyri. Möl	★	Lífríki árinnar	Tiltóulega or	Fjarsvæði vatnsbóla	?	?	★	★	
Hs-8 Barká	Áreyri/árkeila. Gróf möl	★	Lífríki árinnar	Tiltóulega or	Fjarsvæði vatnsbóla	?	?	★	?	
Hs-9 Öxnaladur framhluti	Áreyri/árkeila. Gróf möl	Á Náttúru-myndinaskrá	Lífríki árinnar	?	Fjarsvæði vatnsbóla	?	?	Lang frá markaði	★	
Hs-10 Moldhaugaháls	Gjótnám. Berg	★	?	Enginn	?	?	?	★	★	
Hs-11 Glæsibær	Malarhálli. Möl/sandur	★	Breytt landslag	Enginn	★	?	Tún	★	Litil magn. Óviss gæði	

Mynd 3.5 Yfirlit yfir efnistökumöguleika í Hörgársveit. Ath: Ekki námulisti.

Eyjafjarðarsveit										
	a	b	c	d	e	f	g	h	i	
Staður	Gerð - efni	Náttúruvernd-verndarsvæði	Sérstakar jarð-myndanir og vistkerfi. Landslag	Endurnýjanleiki	Vatnsvernd	Fornminjar	Núv. landnotkun	Samgöngur, aðgengi	Eignarhald / Annað	
Es-1 Leirur	Ósar/áreyri. Finn sandur	Hverfisvernd. Á Náttúrumínjaskrá	Lífríki árinnar	Hægur	★	?	★	★	★	★
Es-2 Staðarey-Hrafagnil	Áreyri. Sandur	★	Lífríki árinnar	Hægur	★	?	★	★	★	★
Es-3 Innan við Grund	Áreyri. Möl	★	Lífríki árinnar	?	★	?	★	★	★	★
Es-4 Eyjafjarðardalur	Áreyri. Möl	★	Lífríki árinnar	Tiltóulega hraður	★	?	★	Fjarlægð frá markaði	★	
Es-5 Munkaþverá	Áreyri/árkeila. Möl	★	?	?	★	?	?	★	★	★
Es-6 Núpá	Áreyri/árkeila. Möl	★	Ósnert land, gróður, áberandi	Tiltóulega hraður	★	?	?	?	?	Óviss gæði
Es-7 Djúpidalur	Áreyri/árkeila. Möl	★	Óraskað land, landslag	?	★	?	?	★	★	★
Es-8 Hvammur	Gjótnám. Berg	★	★	Enginn	★	★	★	★	★	Litil náma ?

Mynd 3.6 Yfirlit yfir efnistökumöguleika í Eyjafjarðarsveit. Ath: Ekki námulisti.

Grýtubakkahreppur										
	a	b	c	d	e	f	g	h	i	
Staður	Gerð - efni	Náttúruvernd-verndarsvæði	Sérstakar jarð-myndanir og vistkerfi. Landslag	Endurnýjanleiki	Vatnsvernd	Fornminjar	Núv. landnotkun	Samgöngur, aðgengi	Eignarhald / Annað	
Gb-1 Grenivik	Jökulbrún. Gróf möl/sandur	★	★	★	★	★	★	★	Nýtist sem byggingarland að vinnslu lokinni	
Gb-2 Fnjóskáreyrar	Áreyri. Möl-sandur	Hverfisvernd. Á Náttúrumínjaskrá og Náttúrverndaraðstöðun	Lífríki og gróðurfar	?	★	?	★	★	★	
Gb-3 Laufásgrunn	Sjávarbotn/óshólmur. Sandur-möl	★	★	?	★	★	★	★	Óvissa Engar rannsóknir.	

Mynd 3.7 Yfirlit yfir efnistökumöguleika í Grýtubakkahreppi. Ath: Ekki námulisti.

- ★ Jákvæð áhrif
- ★ Neikvæð áhrif
- ★ Engin áhrif - á ekki við
- ★ Óviss áhrif
- ★ Háð útfærslu

## 4 SAMGÖNGU- OG ÞJÓNUSTUKERFI

---

### 4.1 VEGAKERFI

#### 4.1.1 SKIPULAGSKOSTIR - JARÐGÖNG

- Dalvík - Ólafsfjörður (tveir kostir a, b).
- Eyjafjörður - Skagafjörður (tveir kostir c, d).
- Siglufjörður - Skagafjörður/Fljót (e).
- Óbreytt staða (núll-kostur).

Eftirtaldir kostir eru teknir til skoðunar í svæðisskipulaginu:

#### Dalvík - Ólafsfjörður (A, B)

Snjóflóðahætta er í Sauðanesskriðum, austan Múlaganga. Göngin eru einföld með útskotum og því ekki eins greiðfær og Héðinsfjarðargöng. Búast má við aukinni umferð, sérstaklega að sumri, um göngin. Þrír kostir eru í stöðunni:

- Óbreytt göng, snjóflóðavarnir í Sauðanesskriðum. (a)
- Tvöföldun Múlagangna (ný göng samsíða) og snjóflóðavarnir í Sauðanes-skriðum (a)
- Ný göng, Burstabrekkuðalur (Ólafsfjörður) - Karlsárdalur (Dalvík). Um 8 km göng stytta leiðina milli staðanna um 4 km. (b)

#### Eyjafjörður - Skagafjörður (C, D)

Í Jarðgangaáætlun Vegagerðarinnar frá 2000 eru viðraðar hugmyndir um vegabætur á Öxnadalsheiði (sjá kafla 2.4.2). Snjóþungu árin 1989-1993 var vegurinn yfir heiðina lokaður vegna snjóa í 7 daga á ári að meðaltali og mokaður í um 60 daga. Á árunum 1994-1998 var vegurinn lokaður 2 daga á ári að meðaltali og mokstursdagar 100.<sup>2</sup> Meðalumferð ársins var á þessum tíma 600 bílar en er nú um 1.000 bílar á sólarhring.

Skipulagskostir eru tveir:

- Bakkaselsgöng. 3,7 km göng frá Bakkaseli að Grjótá. Engin leiðarstyrring. (c)
- Öxnadalsheiðargöng. 10,7 km göng milli Öxnadals og Norðurárdals. Engin leiðarstyrring. (d)

Á upplætti eru kostir c og d sýndir hlið við hlið til einföldunar þótt veglína sé í grófum dráttum sú sama (eystri gangamunni á sama stað í c og d).

Erfiðasti hluti leiðarinnar er Bakkaselsbrekka bæði vegna bratta og veðurlags. Oft eru veðraskil á heiðarbrúninni og snjóléttara vesturaf. Bakkaselsgöng sneiða hjá hvoru tveggja.

#### Siglufjörður - Skagafjörður/Fljót (E)

Strákagöng eru einföld og ekki jafn greið leið og Héðinsfjarðargöngin. Þau eru hins vegar stutt og hætta á alvarlegum teppum því ekki jafn mikil og í Múlagögum. Hins vegar er vegurinn vestan ganganna um Almenninga varhugaverður og óvist um öryggi og endingu. „*Framtíð númerandi vegstæðis Siglufjarðarvegar um norðanvert Tjarnardalaberghlaupið er ekki sérstaklega björt. - Parna geta bæði litlar og stórar sighreyfingar því auðveldlega*

---

<sup>2</sup> Jarðgangaáætlun. Vegagerðin. 2000.

*eyðilagt núverandi veg og vegstæði.”<sup>3</sup> „Ljóst er að á svæði 1 er mikil hætta á því að stór stykki geti sigið niður eða hlaupið fram úr núverandi vegstæði og nágrenni bess. Við slíka atburði gæti vegurinn spillst eða orðið ófær um tíma en núverandi vegstæði einnig einfaldlega orðið ónýtt. Um þá hætta sem umferð um veginn stafar af þessu þarf ekki að fjölyrða.”<sup>4</sup>*

Í aðalskipulagi Fjallabyggðar og tillögu að aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar er gert ráð fyrir göngum milli Fljóta og Siglufjarðar.

Fljóttagöng. Ný göng milli Siglufjarðar og Fljóta (Skagafjarðar). 4,3 km göng stytta leiðina um 12 km.

#### **4.1.2 SAMANBURÐUR, ÁHRIFAMAT**

Veggöng eru hvorki nefnd í 1. né 2. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Hins vegar eru vegir utan þéttbýlis, sem eru 10 km eða lengri, háðir mati á umhverfisáhrifum og heyra því undir ákvæði laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 (UMÁ). Ef litið er á jarðgöng sem efnisnámur verður gerð þeirra háð mati á umhverfisáhrifum og þar með einnig UMÁ.

#### **UMHVERFISPÆTTIR**

Í samanburðartöflum eru einungis meginfyrirsagnir en undirþættir notaðir við yfirferðina (sjá mynd 1.1). Á þessu stigi er litið til varanlegra áhrifa en ekki tekið mið af áhrifum á verktíma (títabundin áhrif t.d. á atvinnulíf og umhverfi), sem ekki skipta máli til lengri tíma.

Svo kallaður núll-kostur liggar á bak við mat á vegakerfi/jarðgöngum. Hann er í öllum tilvikum augljós en þrátt fyrir það tekinn með í samanburðartöflu.

#### **ÁHRIF Á UMHVERFIÐ**

Gróf samantekt áhrifa er á mynd 4.2. Áhrif á samfélag eru marvísleg þegar leiðir milli þéttbýlisstaða eru styttar og gerðar öruggar. Margs konar samvinna verður auðveldari bæði í opinberum rekstri (t.d. skólar og heilsugæsla), verslun og þjónustu, atvinnumálum og menningar- og félagslífi.

Áhrif á umhverfið eru annars vegar sýnileiki mannvirkja (vega og gangamunna) og hins vegar hugsanleg áhrif á náttúrufar, vistkerfi eða auðlindir. Gangagerð getur t.d. haft áhrif á jarðvatnsstreymi og þar með vatnsból eða vatnsbúskap virkjana. Jarðefni, sem út úr göngunum koma, verða nýtt annað hvort jafn óðum við tilheyrandi framkvæmdir (vegi) eða á ákveðnu tímabili til annarra framkvæmda.

Jarðgöng innan skipulagssvæðisins rekast ekki á ákvæði um náttúruvernd. Þau verða öll utan náttúruverndarsvæða. Fjalllendi Tröllaskaga er á Náttúruminjaskrá sem felur í sér varúðarsjónarmið.


Hönnun og undirbúningur hverrar framkvæmdar mun taka mið af mati á áhrifum hennar á umhverfið. Áhrifamat verður unnið þegar nær dregur framkvæmdum í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Í SSEY-12 verður gert ráð fyrir þrennum nýjum veggögum, Bakkaselsgögum, Fljóttagögum og göngum milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur svo og breytingum á stofnvegakerfi þeim tengdum. Aðrar breytingar á stofnvegum verða skilgreindar í aðalskipulagi sveitarfélaganna. Hafnar- og iðnaðarsvæði á Dysnesi mun tengjast stofnvegi um tengiveg samkvæmt aðalskipulagi.

<sup>3</sup> [www.vegagerdin.is](http://www.vegagerdin.is) Kortlagning á sigi á Siglufjarðarvegi um Almenninga. Þorsteinn Sæmundsson, Náttúrustofa Norðurlandsvestra og Halldór G. Pétursson, Náttúrufræðistofnun Íslands. Ódagsett (2005).

<sup>4</sup> [www.vegagerdin.is](http://www.vegagerdin.is) Almenningar, áfangaskýrsla. Ódagsett.

## SVÆÐISSKIPULAG EYJAFJARÐAR DRÖG



Mynd 4.1 Stofnvegir, skipulagskostir.

Samgöngur - veggöng						
	a	b	c	d	e	g
Umhv.pættir / Kostir	a) Óbreytt eða endurbætt Múlagöng	b) Ný göng Ólafsfjörður - Dalvík	c) Bakkaselsgöng	d) Öxnadalsheiðar-göng	e) Fljótagöng	Óbreytt staða núll-kostur
Landslag og ásýnd - náttúruvernd	Snjóflóðavarnir. Mannviki í Sauðaneskirkjum	Litil áhrif Timabundin áhrif á framkvæmdatíma	Litil áhrif Timabundin áhrif á framkvæmdatíma	Litil áhrif Timabundin áhrif á framkvæmdatíma	Litil áhrif Timabundin áhrif á framkvæmdatíma	Engin áhrif
Náttúrufar	Engin áhrif	Litil áhrif Hugsanleg áhrif á vatnafar - virkjun	Litil áhrif	Litil áhrif	Litil áhrif Hugsanleg áhrif á vatnafar - vatns-verndarsvæði	Engin áhrif
Samfélag - atvinnulíf	Samlegð byggða Bætt öryggi Bættar samgöngur	Styttr atvinnu- og þjónustusókn. Samlegðaráhrif Öl/Fjallab. - Dal.	Bættir rekstrar-öryggi	Bættir rekstrar-öryggi	Styttr atvinnu- og þjónustusókn. Samlegðaráhrif Sigluð. - Skagafj.	Byggðir verða af samlegðaráhrifum
Byggð og efnahagur	Dýrar snjóflóða-varni Engin stytting veg-lengdar milli byggða	Kostnaður 4 km stytting milli Öl-Dal.	Kostnaður miðað við aðra valkost Engin stytting.	Kostnaður Engin stytting.	Kostnaður Stytting um 12 km.	Litill framkvæmda-kostnaður Vetrarvöldi óbreytt
Heilsa og öryggi	Snjóflóðavarnir nauðsynlegar. Verður seint 100%	Oruggari vetrar-samgöngur Engin snjóflóðahætta. Bætt öryggi	Oruggari vetrar-samgöngur	Oruggari vetrar-samgöngur	Oruggari vetrar-samgöngur Bætt öryggi. Vegur um Almenn-inga lagður af.	Óbreyttar vetrar-samgöngur Umferðaráryggi ekki bætt
Samræmi við aðrar áætlunar	EKKI á vegaáætlun	Í aðalskipulagi Fjallabyggðar EKKI á vegaáætlun	Nefnd í jarðgangá-áætun 2000 EKKI á vegaáætlun	Nefnd í jarðgangá-áætun 2000 EKKI á vegaáætlun	Í aðalskipulagi Fjallabyggðar EKKI á vegaáætlun	Samræmi við vegaáætlun
Lög og reglugerðir	★	★	★	★	★	★
Niðurstaða	X EKKI í SSEY	✓	✓	X EKKI í SSEY	✓	X

Mynd 4.2

## 4.2 HAFNIR

### 4.2.1 SKIPULAGSKOSTIR

- Dysnes, sérhæfð vöruhöfn
- Óbreytt staða, núll-kostur

Í svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2010, sem fellt hefur verið úr gildi, var gert ráð fyrir iðnaðarsvæði og tilheyrandi höfn á Dysnesi.

Staðarval á Dysnesi ræðst af staðháttum, láglendi upp af góðum hafnarskilyrðum. Skiptir þar meginmáli eftirfarandi: „*Staðarvalsnefnd (um iðnrekstur við Eyjafjörð, 1992) hefur metið hafnarskilyrði við Eyjafjörð á eftirfarandi hátt: "Skilyrði til hafnargerðar við innanverðan Eyjafjörð eru með því besta sem gerist hér á landi. Þar er víðast aðdjúpt og innsigling góð. Skjól eykst eftir því sem innar dregur og innan Hjalteyrar er algjört skjól fyrir úthafssöldu."*”<sup>5</sup>

Á þessu stigi eru engin mótuð áform um iðnaðaruppbýggingu á svæðinu.

### Vöruhöfn

Vöruhöfn á Dysnesi mun fyrst og fremst sinna flutningum, sem þjóna Norðurlandi og þeirri starfsemi sem er og verður á svæðinu. Akureyrarhöfn býr við landþrengsli þar sem hluti hafnarsvæða hefur verið tekin til annarra nota. Enn fremur er það framtíðarstefna Akureyrarbæjar að hluti hafnarsvæðisins á Oddeyrartanga verði tekinn undir íbúðarbyggð eða miðbæjarstarfsemi í samræmi við stefnumörkun bæjarins um miðbæ og jaðarsvæði hans í Aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018. Líklegt er því að hluti hafnarstarfseminnar á Akureyri víki með tímanum og flyttjist á nýtt hafnarsvæði utan núverandi bæjarmarka og er horft til Dysness í því samhengi. Einnig eru uppi áform um hafnarstarfsemi á svæðinu, sem miðast við flutninga í tengslum við starfsemi á Norður-Grænlandi. Nauðsynlegt yrði að gera landfyllingu og um 6-700 m viðlegukant.

<sup>5</sup> Svæðisskipulag Eyjafjarðar 1998-2018. kafli 6.10.3.

## Óbreytt staða, núll-kostur

Óbreytt staða og nýting landsins til landbúnaðar er höfð til samanburðar við ólíka uppybyggingarkosti.

### 4.2.2 SAMANBURÐUR, ÁHRIFAMAT

Gróf samantekt áhrifa er á mynd 3.5. Hafnir sem skip stærri en 1.350 tonn geta siglt um eru háðar mati á umhverfisáhrifum og þar með einnig ákvæðum laga um umhverfimat áætlana. Gerð Dysneshafnar verður háð mati á umhverfisáhrifum.

Dysnes nýtur ekki náttúruverndar en skammt sunnan þess eru Hörgárósar, sem eru á náttúruminjaskrá. Á svæðinu eru skráðir minjastaðir, sem kanna þarf áður en framkvæmdir hefjast.

Atvinnuuppygging á svæðinu styður markmið stjórvalda, bæði ríkisstjórnar og sveitarstjórna, um eflingu atvinnulífs landsins og héraðsins.

### Vöruhöfn

Áform, sem könnuð eru um þessar mundir, t.d. um umskipun jarðefna frá námum á Norður-Grænlandi. Nauðsynlegt yrði að gera landfyllingu og um 6-700 m viðlegukant. Núverandi áform rúmast að mestu innan þeirra marka sem sem skilgreind eru í aðalskipulagi Arnarneshrepps (með breytingu 2010) en gera þyrfti nánari grein fyrir landfyllingu í aðalskipulaginu.

Samgöngur - hafnir 		
	b	c
Umhv.þættir/kostir	Vöruhöfn á Dysnesi	Óbreytt staða núll-kostur
Skýring	Sérhæfð höfn t.d. vegna efnisflutninga	Landbúnaðarland
Náttúrufar	 Staðbundin áhrif	 Óbreytt
Náttúruvernd	 Ekki verndarsvæði	 Ekki verndarsvæði
Landslag og ásýnd	 Landfyllingar. Sýnileiki	 Óbreytt
Samfélag, atvinnulíf	 Ný atvinnutækifæri  Hugsanleg áhrif á aðrar atvinnugreinar	 Í samræmi við atvinnulíf sveitarinnar  Engin atvinnu-uppygging
Efnisleg gæði og eignir. Byggð.	 Samlegðaráhrif	 Viðheldur gæðum landbúnaðarlandsins
Heilsa og öryggi	 Óviss áhrif, háð starfsemi	 Óbreytt
Landsáætlanir	 Ekki á samgöngu-áætlun	
Lög og reglugerðir		
Niðurstaða	Sameiginlegir hagsmunir. Gert er ráð fyrir atvinnu-uppyggingu sem krefst hafnaraðstöðu 	Gert er ráð fyrir atvinnuuppyggingu sem krefst hafnaraðstöðu 

Landfyllingar munu hafa áhrif á ásýnd lands og strandar. Helstu áhrif af starfseminni eru sjónræn.

### Óbreytt staða, núll-kostur

Óbreytt staða og nýting landsins til landbúnaðar hefur ekki í för með sér neinar breytingar á umhverfi. Uppræktun óræktartúna hefur jákvæð áhrif á yfirbragð landsins og er í samræmi við meginmarkmið jarðalaga.

### Niðurstaða

Tekið er mið af sameiginlegum hagsmunum atvinnulífs á svæðinu og gert ráð fyrir vöruhöfn á Dysnesi.

Mynd 4.3

## 4.3 FLUGMÁL

### 4.3.1 SKIPULAGSKOSTIR

Þeir aðilar, sem að rekstri, stjórn og starfsemi Akureyrarflugvallar koma hafa sett sér markmið og stefnu í samræmi við starfssvið og hlutverk. Samvinnunefnd telur að nauðsynlegt sé að sveitarfélögin á svæðinu setji fram almenn markmið um Akureyrarflugvöll, hluverk hans og aðstöðu.

### 4.3.2 SAMANBURÐUR, ÁHRIFAMAT

Markmiðssetning á ekki við framkvæmdir sem áhrif hafa á umhverfið. Umhverfisáhrif markmiðssetningar voru ekki metin sérstaklega.

## 4.4 FLUTNINGSLEIÐIR RAFORKU

### 4.4.1 SKIPULAGSKOSTIR

Fyrir liggja drög að legu nýrra flutningslína (132 kV og hærri spennu) um skipulagssvæðið og er hluti hennar (Blöndulína 3) í staðfestu aðalskipulagi Hörgárbögðar og Akureyrar og hafa umhverfisáhrif hennar verið metin. Unnið er að stefnumótun á landsvísu um kosti við gerð flutningslína raforku og áhættugreiningu m.t.t. flugöryggis á Akureyrarflugvelli. Ekki eru forsendur á þessu stigi til þess að ganga frá legu og gerð flutningslína raforku í sveðisskipulagi. Þegar tillögur og skipulagskostir liggja fyrir skulu þeir metnir með hliðsjón af áhrifum á samfélag og umhverfi og tillaga um gerð og legu auglýst sem breyting á Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024.

### 4.4.2 SAMANBURÐUR, ÁHRIFAMAT

Skipulagskostir munu felast annars vegar í vali milli loftlínu og jarðstrengs og hins vegar í legu þeirrar flutningsleiðar, sem verður fyrir valinu.

Stefnt er að samanburði skipulagskosta út frá áhættugreiningu, umhverfissjónarmiðum og ólíkum lausnum. Sá samanburður verður unnin þegar forsendur liggja fyrir. Niðurstaða verður færð inn í sveðisskipulag með formlegri skipulagsbreytingu.

Flutningslína um Eyjafjörð			
	01	03	04
Skipulagskostir > V Matsþættir	Valkostur 1	Valkostur 3	Valkostur 2
N - Landslag	★ ATHugasemd	★ ATH	★ ATH
N - Gróður og dýralíf	★ ATH	★ ATH	★ ATH
N - Vatnafar	★ ATH	★ ATH	★ ATH
N - Náttúruvernd	★ ATH	★ ATH	★ ATH
N - Ásýnd	★ ATH	★ ATH	★ ATH
S - Nálægð við byggð	★ ATH	★ ATH	★ ATH
S - Landnotkun	★ ATH	★ ATH	★ ATH
S - Flugöryggi	★ ATH	★ ATH	★ ATH
S - Kostnaður	★ ATH	★ ATH	★ ATH
Niðurstaða	?	?	?

N - Nátúrufarsþættir

S - Samfélagsþættir

Mynd 4.4 Uppkast að samanburðartöflu vegna flutningslína.

## **4.5 MÆÐHÖNDLUN ÚRGANGS**

### **4.5.1 SKIPULAGSKOSTIR - ÁHRIFAMAT**

Skýr ákvæði eru um tilhögun áætlunargerðar um úrgangsmál í lögum um meðhöndlun úrgangs. Umhverfismat valkosta eða skipulagskosta á heima í svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs, sem unnið er að fyrir skipulagssvæðið.

Í svæðisskipulaginu eru sett almenn markmið um samvinnu og samræmingu með vísan í svæðisáætlunina.

## **5 TAKMÖRKUN Á LANDNOTKUN**

---

### **5.1 VATNSVERNDARSVÆÐI**

#### **5.1.1 SKIPULAGSKOSTIR**

Um er að ræða fullmótaðar forsendur og tillögur sem eru í samræmi við SSEY-98 og aðalskipulag sveitarfélaga.

Grannsvæði og brunnsvæði vatnsbóla eru skilgreind í aðal- og deiliskipulagi. Í svæðisskipulagi verða fjarsvæði afmörkuð til þess að tryggja gagnkvæma hagsmuni sveitarfélaganna. Grannsvæði og brunnsvæði eru sýnd til skýringar á skipulagsuppdrætti.

Fjarsvæði vatnsbóla við Svarvaðardalsá og Hörgá eru mjög umfangsmikil. Þau spanna allt vatnsviðið ofan brunnsvæðanna að vatnaskilum. Hugsanlegt er að minnka umfang þeirra en það þarf að byggjast á nánari rannsóknum á vatnafari svæðanna. Vatnsból á áreyrum liggja lágt og þarf að dæla öllu vatni frá þeim til notenda. Einnig er viss hætta á mengun þeirra t.d. vegna slysa eða óhappa. Líklegt er að í framtíðinni verði hugað nánar að frekari vatnsöflun fyrir Akureyri í Hlíðarfjalli. Einnig eru möguleikar á vatnsöflun á vatnsverndasvæði ofan Kristness í Eyjafjarðarsveit. Ekki er talin ástæða til breytinga á afmörkun vatnsverndarsvæða að svo stöddu.

#### **5.1.2 SAMANBURÐUR, ÁHRIFAMAT**

Ekki er þörf á samanburði ólíkra skipulagskosta. Markmið eru almenns eðlis og tilgangur þeirra augljós m.t.t. almannahagsmunu auk þess sem skipulagsákvæði fela ekki í sér breytingar frá gildandi áætlunum.

## **5.2 STRANDSVÆÐI EYJAFJARÐAR, FLOKKUN VATNS.**

#### **5.2.1 SKIPULAGSKOSTIR**

##### **FLOKKUN SJÁVAR SEM VIÐTAKA SKOLPS.**

Um fráveitur og skólp gilda ákvæðí laga og reglugerða sbr. samantekt í forsenduhefti. Í tillögu að svæðisskipulagi er lagt til að í stað þess að hvert sveitarfélag sjái um skilgreiningu sjávar sem viðtaka setji sveitarfélögin sér sameiginlega stefnu um skilgreiningu fjarðarins sem viðtaka. Í samráði við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra er lagt til að Pollurinn innan Oddeyrartanga verði skilgreindur sem viðkvæmur viðtaki en Eyjafjörður að öðru leyti sem síður viðkvæmur viðtaki skólds.

##### **FLOKKUN VATNS.**

Í tillögu að svæðisskipulagi er lagt til að ár og vötn verði í flokki A í samræmi við ákvæði og markmið reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Flokkur A skv. 9. grein reglugerðarinnar er „ósnortið vatn” (A). Heilbrigðiseftirlit fylgist með ástandi helstu fallvatna á svæðinu.

#### **5.2.2 SAMANBURÐUR, ÁHRIFAMAT**

Gæði sjávar við strendur Eyjafjarðar, t.d. við þéttbýlisstaði, svo og vatnsgæði vatnsfalla og stöðuvatna skipta máli fyrir atvinnulíf og íbúa. Tillaga um flokkun er lögð fram án sérstaks mats á umhverfisáhrifum stefnunnar. Markmiðin eru talin augljóslega til hagsbóta fyrir umhverfi, íbúa og atvinnulíf. Ekki er talin þörf á sérstökum samanburði skipulags- eða stefnukosta.

## **6 VÖKTUN OG MÓTVÆGISAÐGERÐIR**

---

Vöktun mikilvægustu umhverfisþáttu fer fram með reglubundnum hætti á vegum lögboðinna eftirlitsaðila. Þannig fylgist Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra með vatnsgæðum í ám, vötnum og vatnsbólum svo og fráveitumálum eftir ákveðinni áætlun. Heilbrigðiseftirlitið fylgist einnig með allri starfsemi sem er starfsleyfisskyld og starfsemi sem getur haft neikvæð áhrif á umhverfi sitt.

Ekki er sett fram sérstök áætlun um vöktun í tengslum við svæðisskipulagið, en vöktun og mótvægisaðgerðir vegna nýrra framkvæmda eða starfsemi verða ákveðnar með mati á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar eða starfsemi eftir því sem við á og skilgrendar nánar í framkvæmdaleyfum viðkomandi framkvæmda.

## **7 SAMANTEKT**

---

Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024 (SSEY-12) nær til allra sveitarfélöganna við Eyjafjörð að frádregnum þeim hluta Eyfjarðarsveitar, sem fellur undir svæðisskipulag miðhálendisins. Gerð er grein fyrir skipulagssvæðinu og skipulagsvinnunni í 2. kafla. Helstu forsendur skipulagsins eru tilgreindar í fylgiritinu *Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012 – 2024, helstu forsendur, 3. júní 2013.*

Í svæðisskipulaginu er mótuð stefna um tiltekna efnispætti sbr. kafla 2.4. Þar á meðal eru þættir og framkvæmdir, sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum. Í umhverfisskýrslu svæðisskipulagsins (maí 2013) er eftir því sem við á gerð grein fyrir þeim skipulagskostum sem fjallað var um við gerð skipulagsins svo og mati á líklegum áhrifum þeirra á umhverfi og samfélag í samræmi við lög um umhverfismat áætlana. Umhverfisáhrif einstakra framkvæmda verða metin þegar þar að kemur. Líkleg áhrif af framfylgd svæðisskipulagsins eru eftirfarandi:

### **BYGGÐAÞRÓUN.**

Líklegt má telja að stefna um byggðaþróun og byggðamynstur sem felur í sér áherslu á númerandi þéttbýli hafi jákvæði áhrif á samfélag, atvinnulíf og þjónustukerfi. Áhersla á byggð í dreifbýli er hins vegar talin hafa slæm eða neikvæð áhrif á þá þætti. Áhrif stefnuleysis eru talin óviss.

### **LANDNOTKUN**

Stefna um varðveislu góðs landbúnaðarlands er talin styrkja búsetulandslag Eyjafjarðar og hafa jákvæð áhrif á atvinnulíf, heilsu og öryggi auk þess að styðja við áætlanir á landsvísu og markmið laga. Viss sóknarfæri í öðrum atvinnugreinum en landbúnaði gætu fengist ef ekki yrði stefnt að varðveislu góðs landbúnaðarlands en slík stefna gæti skert möguleika á framleiðslu búvara auk þess sem hún væri ekki í samræmi við markmið laga.

### **IÐNAÐARSVÆÐI**

Skipulag stórra iðnaðarsvæða utan þéttbýlis (á Árskóngssandi og Dysnesi) getur haft jákvæð áhrif á atvinnuuppbryggingu á svæðinu og haft í för með sér ákveðin samlegðaráhrif með öðrum greinum. Uppbyggingin takmarkar nýtingu ræktanlegs lands á viðkomandi svæði. Án iðnaðarsvæða verður engin eða minni iðnaðaruppbrygging utan þéttbýlis. Uppbygging svæðana tveggja mun ekki hafa áhrif á náttúruverndarsvæði. Það eru taldir sameiginlegir hagsmunir sveitarfélöganna á Eyjafjarðarsvæðinu að gefa kost á uppbryggingu iðnaðarsvæðanna.

### **EFTNISTÖKUSVÆÐI**

Í svæðisskipulagstillögunni er sett fram almenn stefna um nýtingu jarðefna. Ákveðin eftnistökusvæði verða ekki skilgreind í svæðisskipulagi. Í umhverfisskýrslu er settur fram einfaldaður samanburður þeirra eftnistökumöguleika, sem kunna að vera á svæðinu samkvæmt skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þar er í grófum dráttum lagt mat á hugsanleg áhrif þeirra á umhverfi og samfélag. Ákvörðun einstakra eftnistökusvæða verður í aðalskipulagi sveitarfélaga á grundvelli mats á umhverfisáhrifum þar sem það á við.

### **VEGAKERFI**

Við vinnslu skipulagsins voru skoðaðir möguleikar á gerð vegganga milli Fljóta og Siglufjarðar, milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur (ný göng og endurbætt) og á Öxnadalsheiði (löng göng og Bakkaselsgöng).

Áhrif á samfélag eru marvísleg og fyrst og fremst jákvæð þegar leiðir milli þéttbýlisstaða eru styttar og gerðar öruggar. Áhrif á umhverfið eru annars vegar sýnileiki mannvirkja (vega og gangamunna) og hins vegar hugsanleg áhrif á náttúrufar, vistkerfi eða auðlindir. Gangagerð getur t.d. haft áhrif á jarðvatnsstreymi og þar með vatnsból eða vatnsbúskap.

Jarðefni, sem út úr göngunum koma, verða nýtt annað hvort jafn óðum við tilheyrandi framkvæmdir eða á ákveðnu tímabili til annarra framkvæmda.

Jarðgöng innan skipulagssvæðisins rekast ekki á ákvæði um náttúruvernd. Þau verða öll utan náttúruverndarsvæða. Fjalllendi Tröllaskaga er á Náttúruminjaskrá sem felur í sér varúðarsjónarmið.

Samgöngubætur með veggöngum munu hafa jákvæð áhrif á samfélag og atvinnulíf. Verði ekki af slíkum endurbótum á samgöngukerfi munu íbúar búa áfram við erfiðar vetrarsamgöngur og talsvert óþryggi á vissum leiðum vegna skriðu- og snjóflóðahættu.

Á grundvelli samanburðar ólíkra kosta er í svæðisskipulaginu gerð tillaga um þrenn ný veggöng á svæðinu.

## HAFNIR

Höfn á Dysnesi mun hafa staðbundin neikvæð áhrif á náttúrufar en er utan náttúruverndarsvæða. Landfyllingar og hafnarmannvirki munu hafa áhrif á ásýnd lands og strandar. Helstu áhrif af starfseminni eru sjónræn. Uppbygging hafnar er talin geta haft jákvæð áhrif á atvinulíf og ákveðin samlegðaráhrif og er því gert ráð fyrir vöruhöfn á Dysnesi.

## FLUGMÁL

Samvinnunefnd telur að nauðsynlegt sé að sveitarfélögin á svæðinu setji fram almenn markmið um Akureyrarfugvöll, hluverk hans og aðstöðu. Slík markmið koma ekki fram í stefnu rekstraraðila og yfirstjórnar flugmála.

Markmiðssetning svæðisskipulagsins á ekki við framkvæmdir sem áhrif hafa á umhverfið. Umhverfisáhrif markmiðssetningar voru ekki metin sérstaklega.

## FLUTINGSLEIÐIR RAFORKU

Ekki eru forsendur á þessu stigi til þess að ganga frá legu og gerð flutningslína raforku í svæðisskipulagi umfram það sem þegar er staðfest í aðalskipulagi sveitarfélaga. Þegar tillögur og skipulagskostir liggja fyrir skulu þeir metnir með hliðsjón af áhrifum á samfélag og umhverfi og tillaga um gerð og legu auglýst sem breyting á Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024.

Stefnt er að samanburði skipulagskosta út frá áhættugreiningu, umhverfissjónarmiðum og ólíkum lausnum. Sá samanburður verður unnin þegar forsendur liggja fyrir. Niðurstæða verður færð inn í svæðisskipulag með formlegri skipulagsbreytingu.

## MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS

Skýr ákvæði eru um tilhögun áætlunargerðar um úrgangsmál í lögum um meðhöndlun úrgangs. Umhverfismat valkosta eða skipulagskosta á heima í svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs, sem unnið er að fyrir skipulagssvæðið.

Í svæðisskipulaginu eru sett almenn markmið um samvinnu og samræmingu með vísan í svæðisáætlunina.

## VATNSVERNDARSVÆÐI

Ekki er talin ástæða til breytinga á afmörkun vatnsverndarsvæða frá eldri og gildandi skipulagsáætlunum að svo stöddu.

Ekki er þörf á samanburði ólíkra skipulagskosta. Markmið eru almenns eðlis og tilgangur þeirra augljós m.t.t. almannahagsmunu auk þess sem skipulagsákvæði fela ekki í sér breytingar frá gildandi áætlunum.

## STRANDSVÆÐI EYJAFJARÐAR, FLOKKUN VATNS

Gæði sjávar við strendur Eyjafjarðar, t.d. við þéttbýlisstaði, svo og vatnsgæði vatnsfalla og stöðuvatna skipta máli fyrir atvinnulíf og íbúa. Tillaga um flokkun er lögð fram án sérstaks mats á umhverfisáhrifum stefnunnar. Markmiðin eru talin augljóslega til

hagsbóta fyrir umhverfi, íbúa og atvinnulíf. Ekki er talin þörf á sérstökum samanburði skipulags- eða stefnukosta.

## **FRAMFYLGD OG VÖKTUN**

Í kafla 2.6 er gerð grein fyrir framfylgd svæðisskipulagsins.

Ekki er gert ráð fyrir sérstakri vöktunaráætlun vegna þeirra atriða, sem tilgreind eru í svæðisskipulaginu. Ákvæði um efitirlit og vöktun verða hluti þeirra áætlana, sem unnar verða í samræmi við stefnu svæðisskipulagsins þar sem það á við.

## **SAMANTEKT**

Líklegt er að heildaráhrif af sameiginlegrí stefnu sveitarfélaganna á skipulagssvæðinu um þá málaflokka, sem svæðisskipulagið nær til, hafi jákvæð áhrif á samfélag og atvinnulíf. Þeir framkvæmdaþættir, sem kunna að hafa neikvæð áhrif á umhverfið, verða metnir sérstaklega m.t.t. umhverfisáhrifa eftir því sem við á. Hugsanleg neikvæð áhrif framkvæmda við grunnkerfi samfélagsins s.s. vegi og hafnir eru vegin upp af jákvæðum áhrifum á samfélag og atvinnulíf svæðisins.